

Góðan dag

Ég er andvígur álagningu veggjalda í þeirri mynd sem rædd er í dag. Með þeirri gríðarlegu skattlagningu sem ökutæki og eldsneyti bera og þá sér í lagi auknu fjárstreymi til ríkisins gegnum ökutæki vegna aukinna umsvifa ferðabjónustu síðustu ár þykir mér þetta óásættanlegt.

Hinsvegar þá þætti mér rétt að umbylta kerfinu og taka upp kerfi þar sem þeir borga sem nota. Ég myndi vilja sjá þungaskattinn/ kílómetragjald endurvakið og á sama tíma álögur á eldsneyti stórlækkaðar. Þeir borga sem nota = þeir sem nota vegina greiða fyrir notkunina óháð eldsneyti/rafmagni, það hlýtur að teljast sanngjarnt. Síðan er annað mál að hluti þeirra gjalda sem hvíla á eldsneytinu eru "mengunarskattur" og því eðlilegt að sá hluti haldi sér í formi skatta á eldsneyti. Til einföldunar: Ef lítrinn kostar 200 kr og þar af eru 100 kr álögur sem skilgreinast sem 50/50 þungaskattur og mengunarskattur færi lítrinn í 150 kr. Ef við miðum við 10l/100 km eyðslu eru þar 10l. \* 50 kr sem vantar upp á m.v. núverandi kerfi = 500 kr, því þyrfti km gjaldið að vera 5kr/km til að jafna þetta út. Þetta þyrfti síðan að fínstillast, upphæðir/þrep/flokka o.s.frv....

Einnig þá langar mig að nefna það að ég er mótfallinn því sem var í gamla þungaskattskerfinu að það væri hægt að borga fast gjald sem ef ég man rétt var svo að ef ekið var meira en ca 20.000 km á ári var ódýrara að borga fast gjald en km gjald. Síðan óku leigubílar e.t.v. 80.000 km á ári og borguðu því 4x minna á km í raun en aðrir....

Langar að nefna að lokum að ég er ekki að þessu því ég vil borga minna fyrir að aka um (það væri vissulega meiriháttar en ég er nógu raunsær til að átta mig á að það er hæpið) heldur vil ég gagnsætt kerfi þar sem bíleigendur borga skv. því sem þeir nota. Sá sem ekur mikið um vegina borgar því mikið fyrir þá notkun óháð því hvort um er að ræða rafmagnsbíl eða annað. Á sama tíma borgar sá sem ekur um á eyðslufrekum bíl mikið í mengunarskatta gegnum eldsneytið.

Kv. Freyr Þórsson